

95

2. sept.

6. gr.

Meðan landritari Klemens Jónsson er á lífi, skal hann hafa yfirstjórn sjóðsins á hendi, þ. e. geyma verðbrjefin, annast um afhendingu vaxtanna í tæka tíð, semja árlegan reikning sjóðsins og annast um birting hans á þann hátt, sem hann telur við eiga o. s. frv. Að honum látnum skal bæjarfógetinn á Akureyri hafa yfirstjórn sjóðsins á hendi.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. ágúst 1913.

Chr. Johnason.

Samþykkt

96

19. sept.

um viðhald fyrirhleðslunnar fyrir Markarfljót hjá Seljalandi.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir, samkvæmt lögum 20. desbr. 1901, um samþykktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar og um skurði, samið og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi

samþykkt

um viðhald fyrirhleðslunnar fyrir Markarfljót hjá Seljalandi.

1. gr.

Hreppsnefndin í Vestur-Eyjafjallahreppi hefir á hendi umsjón og eftirlit á árlegu viðhaldi fyrirhleðslunnar. Skulu til árlegs viðhaldskostnaðar teljast þær skemdir á henni, sem kosta 150 kr. eða minna. En kostnaður, er meiru nemur, skal teljast til endurbyggingar.

2. gr.

Hver, sem verður var við, að skemdir hafi orðið á fyrirhleðslunni, skal tafarlaust tilkynna það oddvita hreppsnefndarinnar. Skal hann þá kveðja hreppsnefndarmennina til ráða með sjer um það, hvort mögulegt sje að gjöra þá þegar við skemdirnar og á hvern hátt.

3. gr.

96
19. sept.

Allar viðhaldsgjörðir skal hreppsnefndin láta framkvæma svo fljótt sem kostur er á. Skal hún ráða verkstjóra og útvega áhöld og menn til verksins.

4. gr.

Kostnað þann, sem af viðhaldinu leiðir, leggur hreppsnefndin fram úr hreppssjóði, en fær hann endurgreiddan að hálfu leyti frá ábúendum jarða þeirra, er lágu undir skemdum af Markarfljóti áður en fyrirhleðslan var gjörð: Seljalands, Seljalandssels með Hjáleigusöndum, Fitjar, Fitjarmýrar, Efri-Rota, Syðri-Rota, Helgusanda, Fornusanda, Nýjabæjar, Lambhúshóls með Lambhúshólskoti, Vestur-Holts, Efra-Holts, Syðri-Kvíhólma, Efri-Kvíhólma, Syðri-Hóls, Efri-Hóls, Rimahúsa, Sauðhúsvallar, Hvamms, Núps, Holts með hjáleigum og Varmahlíðar.

5. gr.

Þeim hluta hins árlega viðhaldskostnaðar, sem ábúendum ber að greiða, skal hreppsnefndin fyrir það fardagaár, sem þá er liðið, á niðurjöfnunarfundi jafna niður á þá, eftir þeim hagnaði, er hún telur hinar einstöku jarðir hafa orðið aðnjótandi af fyrirhleðslunni.

Niðurjöfnunin skal liggja frammi til sýnis á sama stað og jafn lengi og niðurjöfnunarskrá aukautsvaranna í hreppnum.

Aðfinningar við niðurjöfnunina skulu vera komnar til hreppsnefndarinnar innan sama tímatakmarks og kærur yfir sveitarútsvörum, og gilda um slíkar aðfinningar allar sömu ákvarðanir og reglur og um vanalegar útsvarskærur.

6. gr.

Hinn niðurjafnaða kostnað skal greiða hreppsnefndinni 31. desember eftir að niðurjöfnun hefir verið gjörð.

7. gr.

Þegar endurbyggingar samkvæmt álitum hreppsnefndar þarf með, hvort heldur hún er fólgin í endurbót á skemdum eða því að framlengja, hækka eða þykkja fyrirhleðsluna, skal hreppsnefndin svo fljótt sem því verður við komið tilkynna það hinum öðrum hlutaðeigendum: Stjórnarráði Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, sýslunefndinni í Rangárvallasýslu og eigendum jarðanna.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum frá 5—100 kr., sem renna í sýslusjóð.

9. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

96 Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til 19. sept. eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 19. september 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

97
29. sept.

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Hrófbergshrepp í Strandasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Hrófbergshrepp í Strandasýslu:

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Hrófbergshrepp í Strandasýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi nær yfir Hrófbergshrepp.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður nefndarinnar. Auk þess eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefndin kýs til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum hreppsins, til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í maí og október; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndar-